



Dagskrá mánaðarins

Grunnskóladeild:

- 6. - 8. janúar**
6. bekkur með samverustundir
- 11. janúar**
Sameiginleg samverustund kl. 8:15 - 3. og 8. bekkur
- 12. - 15. janúar**
5. bekkur með samverustundir
- 13. janúar**
Opið hús á UST kl. 15:30-17:00
- 18. - 22. janúar**
4. bekkur með samverustundir
- 21. janúar**
Samlokusala á MST
- 25. - 29. janúar**
3. bekkur með samverustundir
- 29. janúar**
SAMFÉS - Norðurlandskeppni á Akureyri
- 1. - 5. febrúar**
2. bekkur með samverustundir

Leikskóladeild:

- 8. janúar**
Dótadagur
- 15. janúar**
Opið milli deilda
- 22. janúar**
Bóndadagskaffi kl. 14:00 - 15:45
- 29. janúar**
Grænn dagur

Skólaráð

Fulltrúar foreldra

Adda Bára Hreiðarsdóttir
Brynhildur Bjarnadóttir

Fulltr. grenndarsamfélags

Sigmundur Guðmundsson

Fulltrúar starfsfólks

Björk Sigurðardóttir

Deborah Robinson

Hans R. Snorrason

Fulltrúar nemenda

Bjarni Karlsson 10. b.

María H. Daniélsdóttir 9. b.

Skólastjóri

Karl Frímansson

Skólanefnd

Sigurður I. Friðleifsson

Jóhann Ó. Halldórsson

Guðrún Harðardóttir

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

Valgerður Jónsdóttir

Öll erum við íslenskukennarar

Í erindi sem Þórarinn Eldjárn rithöfundur flutti í útvarpi um daginn velti hann því fyrir sér hvernig við sem þjóð ættum að viðhalda íslensku tungu. Svárið var á þá leið að raunhæfasta leiðin væri að nota íslensku til alls. Taka má heilshugar undir þetta snjalla svar því íslenskan á orð yfir flest, ef ekki allt sem við hugsum. En líkt og með lífshætti almennt þá getur það verið þrautin þyngri að breyta samkvæmt bestu vitund og flest erum við undir þá sök seld að fylgja tíðarandanum og jafnvel nota erlend orð inni í miðjum setningum án þess að þau falli að íslensku málfræði eða beygingarkerfi. Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla segir á blaðsíðu 10: „Allir kennarar eru íslenskukennarar, hvaða grein sem þeir kenna. Leggja ber áherslu á að þjálfun í notkun íslensku er lykill að árangri í öllu námi.“ Ég vil bæta um betur og segja að allt starfsfólk og foreldrar/forráðamenn séu íslenskukennarar. Við sem berum ábyrgð á börnum með einum eða öðrum hætti verðum að sýna gott fordæmi og nota íslensku til alls. Þannig viðhelst tungumálið, þannig eiga börn auðveldar með að tjá hugsun sína og þannig bætum við árangur barna okkar í námi.

Karl Frímansson skólastjóri.

Skólasýn



Allir hafa hið góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur

Lestur er bestur

Hvað eftir annað kemur í ljós í rannsóknum að það sem skiptir einna mestu máli um árangur nemenda í námi er að þeir séu vel læsir. Það er einnig vitað að til þess að verða fluglæs þarf nemandi að lesa býsna mikið. Við það að lesa fjölbreytt efni eflist málskilningur nemenda og almennur skilningur eykst. Til að stuðla að því að nemendur Hrafnagilsskóla öðlist nauðsynlega lestrarfærni og góðan skilning verður unnið markvisst á vorönninni að því að auka hlut lestrar í kennslunni. Strax í næstu viku fara af stað lestrarverkefni í nokkrum bekkjum á öllum stigum og fá foreldrar send bréf með nánari upplýsingum frá umsjónarkennurum þeirra bekkja.



Hér les nemandi í 7. bekk af kappi.

Kennaraskipti í 4. bekk

Nú um áramótin kom Lísbet Patrisía Gísladóttir til starfa að nýju eftir barneignarleyfi og tók við starfi umsjónarkennara í 4. bekk. Kolbrún Sigurgeirsdóttir sem leysti hana af lét þá af störfum við skólann. Lísbet verður í hlutastarfi og mun Dögg Stefánsdóttir kenna samfélags- og náttúrufræði í 4. bekk. Um leið og Lísbet er boðin velkomin aftur er Kolbrúnu þökkúð góð störf með bestu óskum velfarnað á nýjum vettvangi.



4. bekkur í skógarskýlinu í Aldísarlundi á góðviðrisdegi rétt fyrir jól.

Notum íslensku til alls.

KVEIKTU Á KERTI
Í STAÐ ÞESS AÐ
BÖLVA
MYRKRINU.
KÍNVERSKT SPAKMÆLI

Desemberdagar

Síðustu daga fyrir jól var skólastarf brotið upp og brugðið út frá venjulegri stundaskrá. Lögð var aukin áhersla á skapandi starf og notalega samveru bekkjanna bæði inni og úti. Á myndunum hér fyrir neðan sjást nemendur á miðstigi við ýmsa iðju, svo sem þæfingu, engla- og jólasveinagerð og í Aldísarlundi.



EKKI LÁTA ÞAÐ
SEM ÞÚ RÆÐUR
EKKI VIÐ
TRUFLA ÞAÐ SEM
ÞÚ RÆÐUR VIÐ.
John Wooden

Einn morguninn var spilað á spil á yngsta stigi og þá lærðu nemendur og æfðu ýmis spil og hér sjást myndir sem voru teknar þá.

HVERSU MJÖG
SEM MAÐUR
AFNEITAR
SANNLEIKANUM,
HELDUR
SANNLEIKURINN
ÁFRAM AÐ VERA
TIL.
George Orwell

